

Lög um fiskeldi – verðmæti eldisleyfa Fiskeldis Austfjarða

Eftir Valdimar Inga Gunnarsson

Skýrsla starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi sem gefin var út 23. ágúst 2017 lagði grunn að eignarhaldi og miklum fjárhagslegum ávinningi erlendra fjárfesta og íslenskra leppa þeirra. Stjórnarformenn Arnarlax og Fiskeldis Austfjarða voru með þátttöku í starfshópnum meðal þeirra sem sömdu leikreglurnar sjálfum sér og sínum til fjárhagslega ávinnings. Málið fór síðan í gegnum alla stjórnýsluna með litlum breytingum og var samþykkt á Alþingi Íslendinga á árinu 2019.

Að þessu var stefnt

Vissulega gerðu sumir sér grein fyrir að hverju var stefnt á þessum tíma. Í fundargerð stefnumótunarhópsins frá 14.7. 2017 kemur vel fram hvert menn voru að fara: „Ákveðið að nefndarmenn fái sendar glærur og áhættumatsskýrslu eftir klukkan 14 þegar hlutabréfa-markaði í Noregi hefur verið lokað.“ Hækkun í hafi með að skrá félögin á erlendan hlutabréfamarkað var að því er virtist búíð að ákveða á þessum tímupunkti og jafnvel töluvert



Valdimar Ingi Gunnarsson

fyrir. Í október 2017 kom áhugaverð frétt í Fréttablaðinu tæpum tveimur mánuðum eftir að stefnumótunar-skýrslan var gefin út. Þar kemur fram að Midt-Norsk Havbruk greiði að lágmarki 965 milljónir fyrir ný hlutabréf í Fiskeldi Austfjarða en ef fyrir-tækið fær leyfi til aukinnar framleiðslu á næstu árum gæti kaupverðið hækkað í

allt að 3,9 milljarða króna.

Verðmæti eldisleyfa

Á árinu 2018 var byrjað að benda á mögulegan ofsagróða af sölu eldisleyfa í nokkrum íslenskum fjölmiðlum. Fram kom að verðmæti eldisleyfa laxeldisfyrirtækja í meiri hlutaeigu erlendra aðila gæti verið frá u.þ.b. 1,5 til 3 milljónir króna á hvert tonn. Um það má deila hvort verðmæti eldisleyfa sé raunverulega þetta mikið. Í því sambandi má nefna að Ísland hefur verið á jaðarsvæði fyrir sjókvíaldi á laxi en með væntanlegum hækkandi sjávarhita verða eldisleyfin verðmætari. Laxeldið í sjókvíum hefur verið að færast norðar með hækkandi sjávarhita og Ísland því eitt af þeim svæðum sem hafa vakið áhuga erlendra fjárfesta.

» Fiskeldi Austfjarða getur verið með eldisleyfi fyrir frjóa laxa að verðmæti um 45 milljarðar króna jafnvel eftir nokkur ár.

Heimilaður lífmassi

Fiskeldi Austfjarða hefur leyfi fyrir 18.500 tonna hámarkslífmassa af frjóum laxi og 2.300 tonnum af ófrjóum laxi, samtals 20.800 tonnum. Í umsóknarferli er 17.000 tonna hámarks heimilaður lífmassi og ef það fæst eru eldisleyfin orðin samtals 37.800 tonn. Fiskeldi Austfjarða ætti þá að geta framleitt um 50.000 tonn á ári.

Verðmæti Fiskeldis Austfjarða

Sumarið 2021 var verðmæti hlutabréfa Fiskeldis Austfjarðar um 36 milljarðar íslenskra króna og þar af verðmæti eldisleyfa u.þ.b. 25 milljarðar. Verðmæti eldisleyfa er því um

1,2 milljónir króna á tonn

(25 milljarðar króna/20.800 tonn) eða um 650 milljónir króna á tonn ef teknar eru einnig með framleiðsluheimildir sem eru í umsóknarferli. Höfundur hefur ekki aðgengi að jafn góðum gögnum og forsvars-

menn Fiskeldis Austfjarða og geta þeir komið með nákvæmara verðmæt á eldisleyfum. Verðmæti eldisleyfa Arnarlax er áætlað 1,6 milljónir króna á tonn. Munur á verðmæti eldisleyfa fyrirtækjanna kann að einhverju leyti að stafa af því að leyfi fyrir ófrjóan lax eru verðlögð lægra og meðalsjávarhiti nokkru hærri á Vestfjörðum og umhverfisaðstæður að því leyti betri en á Austfjörðum.

Tryggja sér eldissvæði með óraunhæfum ófrjóum eldislaxi

Það að setja hindranir með ákvæði í lögum um fiskeldi, að hægt væri að halda eldissvæðum fyrir ófrjóan lax a.m.k. í fimm ár, gaf m.a. Fiskeldi Austfjarða möguleika á að halda sínum svæðum án þess að nýta þau til eldis eða greiða af þeim auðlindagjald. Það áhugaverða í þessu sambandi er að eldi á ófrjóum laxi hefur verið í þróun í áratugi og ekkert sem bendir til að því ljúki á næstu árum. Þessi hindrun var sett m.a. til að verja hagsmunum stjórnarformanna Arnarlax og Fiskeldis Austfjarða sem voru í stefnumótunarhópnum og settu leikreglurnar sjálfum sér og sínum til fjárhagslegs ávinnings.

Auknar heimildir

Til að geta nýtt 17.000 tonna eldisleyfi í umhverfismatsferli til eldis á frjóum löxum þarf að auka heim-

ildir í áhættumati erfðablöndunar. Eins og fram hefur komið í fyrri greinum er áhættumat erfðablöndunar úthlutunarkerfi fyrir laxeldisfyrirtæki í meirihlutaeigu erlendra aðila og hefur lítið sem ekkert með umhverfismál að gera. Áhættumat erfðablöndunar er endurskoðað að lágmarki á þriggja ára fresti og staðan getur því verið sú að Fiskeldi Austfjarða sé með eldisleyfi fyrir frjóa laxa að verðmæti um 45 milljarðar króna jafnvel eftir nokkur ár.

Ávinningur við sölu

Eins og bent var á í fyrri grein var verðmæti eldisleyfa Arnarlax áætlað um 60 milljarðar króna og verðmæti eldisleyfa þessara tveggja fyrirtækja gæti því hugsanlega numið allt að 105 milljarðum króna. Að sjálfsögðu er ávinningurinn ekki í hendi fyrir en við sölu. Upphaflegir fjárfestar sem ekki eru búnir að selja geta tekið út mikinn ávinning með að selja strax. Það er alltaf tekin áhætta með að bíða með sölu á hlutabréfum, láta reyna á rekstrarforsendur með aukinni samkeppni og lækkandi markaðsverði á laxi í framtíðinni.

Höfundur er sjávarútvegsfræðingur og hefur m.a. unnið við ýmis mál tengd fiskeldi í rúm þrjátíu ár.
valdimar@sjavarutvegur.is